

Dagsetning: Miðvikudagur 14. október 2015
Fundartími: Kl. 17:00
Staðsetning: Fundarherbergi fjölskylduþjónustu.

Mættir: Ágústa Þorvaldsdóttir, Bergur Þorri Benjamínsson, Jóna Imsland, Margrét Össurardóttir og Ásrún Jónsdóttir.

Fjarverandi: Kristjana Jóhannesdóttir

Dagskrá:

1. Styrkur Velferðarráðuneytis vegna starfa notendaráðs/ ráðgjafarráðs.
Velferðarráðnefnið hefur úthlutað Hafnarfjarðarbæ styrk að upphæð 600.000 krónur vegna starfa ráðgjafarráðs.
2. Ferðaþjónusta fatlaðra.
Lagt til að sveitarfélögin og Strætó geri könnun hjá öikumönnum Strætó og notendum um verklag Strætó og komi með tillögur að úrbótum. Ráðgjafarráð mælir ekki sérstaklega með því að Hafnarfjarðarbær segi sig frá samkomulaginu um akstursþjónustu fatlaðs fólks að svo stöddu. Hagræðing með sameiginlegri ferðaþjónustu þarf að skila sér til allra aðila samkomulagsins. Því þarf að endurskoða forsendur kostnaðar.
3. Önnur mál.
 - Aðgengismál. Að við gerð fjárhagsáætlunar verði sett inn fjármagn vegna aðgengismála, sjá fundargerðum frá 11. september 2014 og í fundargerð 8. nóvember 2012 og í fyrri fundargerðum ráðsins.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 11. nóvember 2015

Fundi slitið kl 18:00.

Fundarritun: Ásrún Jónsdóttir